



Efnahags- og skattanefnd
Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 26. nóvember 2010

Umsögn vegna frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 200. mál

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis til Ríkisútvarpsins ohf. („RÚV“) þar sem RÚV var boðið að skila inn umsögn vegna frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (breyting ýmissa laga), 200. mál.

Í frumvarpinu er meðal annars lögð til breyting á lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum, þannig að í stað fjárhæðarinnar „17.200 kr.“ í 4 másl. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna komi 17.900 kr. Með öðrum orðum er lögð til hækkun svonefnds útvarpsgjalds.

Í athugasemdum í greinargerð um ástæður hækkunarinnar segir:

„*Útvarpsgjald.* Lagt er til að fjárhæð sérstaks útvarpsgjalds hækki um 700 kr. og nemi 17.900 kr. á hvern gjaldanda í stað 17.200 kr. samkvæmt gildandi lögum. Miðað er við 4% hækkun og nálgæð að hundraði. Við það er miðað að þeir einstaklingar sem greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra greiði útvarpsgjaldið, svo og þeir lögaðilar sem eru skattskyldir og bera sjálfstæða skattaðild. Þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða fá það gjald fellt niður samkvæmt lögum um málefni aldraðra eru undanskildir gjaldinu. Undanskilin álagningu gjaldsins eru einnig dánarbú, þrotabú og ýmsir lögaðilar, svo sem stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Með því að láta gjaldið renna í ríkissjóð er aukin víska í rekstri Ríkisútvarpsins ohf., en ríkissjóður mun bera áhættuna af óvissu um fjölda greiðenda sem félagið hefði ella borið. Viðbótartekjur ríkissjóðs af þessari hækkun eru áætlaðar rúmlega 140 millj. kr.“

RÚV gerir ekki sérstakar athugasemdir við hækkun útvarpsgjalds en leyfir sér að benda á að samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum er ráðgert að tekjur ríkissjóðs af gjaldinu verði hærri en nemur fjárframlagi til RÚV samkvæmt fjárlögum. Af því leiðir væntanlega jafnframt að hluta gjaldsins er í reynd ráðstafað til annarra verkefna / útgjalda á vegum ríkisins en starfsemi RÚV.

Í 11. gr. laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. er kveðið á um tekjur RÚV. Í ákvæðinu segir meðal annars:

*„[Tekjur] Ríkisútvarpsins ohf. eru sem hér segir:
1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem [rfkisskattstjóri leggur] á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. [Gjaldið rennur í ríkissjóð.] Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Skal gjaldið nema [17.200 kr.] ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald felld niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.
...“[áherslubr. RÚV]*


Með tilvísuðu ákvæði var ráðgert að í stað afnotagjalds yrði tekið upp sérstakt gjald, sem kallað hefur verið „útvarpsgjald“, sem lagt yrði á einstaklinga og lögaðila. Á sama tíma félli brott innheimta afnotagjalds. Í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna sagði meðal annars eftirfarandi um þennan tekjustofn:

„Afnotagjald Ríkisútvarpsins hefur einnig verið umdeildur tekjustofn. Þeir sem andvígir eru opinberum útvarpsrekstri hafa andmælt gjaldinu sem gjaldtöku fyrir þjónustu sem þeir óski ekki eftir. Er sú röksemd skiljanleg þegar litið er á hana frá sjónarhóli þeirra sem telja ekki þörf fyrir það að ríkið standi að rekstri fjölmiðla. Einnig hafa ýmsir þeir sem aðhyllast eða geta sætt sig við útvarpsrekstur ríkisins látið í ljós efasemdir um að innheimta afnotagjalds sé eðlilegasta leiðin til tekjuöflunar fyrir Ríkisútvarpið ... Við samningu frumvarps þessa hefur fjármögnun á rekstri Ríkisútvarpsins komið til nýrrar skoðunar. Er það niðurstaða ráðuneytisins að leggja til að fjármögnun í formi afnotagjalds verði felld niður frá 1. janúar 2009, en í þess stað komi sérstakt gjald sem leggst á skattskylda einstaklinga og lögaðila, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 11. gr. frumvarpsins ... Gjaldið lýtur sömu lögmálum og sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt lögum um málefni aldraðra til tekjuöflunar fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra. Tekjutenging gjaldsins þýðir að tekjulausir eða tekjulágir einstaklingar greiða ekkert gjald, sbr. lög nr. 125/1999.“

Af lögum nr. 6/2007 um RÚV og lögskýringargögnum verður vart annað ráðið en að útvarpsgjaldinu sé ætlað að standa straum af rekstri RÚV. Nánar tiltekið, að um sé að ræða gjald / skatt sérstaks eðlis að því leytinu til að honum er beinlínis ætlað að standa straum af tiltekinni afmarkaðri starfsemi og skatturinn að því leytinu til „eyrnamerkur“ tiltekinni starfsemi. Virðist varhugavert að hinu opinbera sé þá að lögum stætt á að ráðstafa útvarpsgjaldinu til *annarra nota*, svo sem raunin virðist ætla að vera. Sömmuleiðis er vakin athygli á því að sú ráðagerð að hluta gjaldsins sé ráðstafað til annarra nota en í þágu RÚV, og gera félagið þannig háð árlegum duttlungum fjárveitingavaldsins, getur augljóslega verið til þess fallin að grafa undan fjárhagslegu og þar með ritstjórnarlegu sjálfstæði RÚV gagnvart stjórnvöldum.

Með vísan til framangreinds gerir RÚV fyrirvara um hækkun útvarpsgjaldsins, þ.e. ef tilgangur ráðstöfunarinnar er í reynd annar en sá að ráðstafa fjármunum til reksturs RÚV.

Virðingarfyllt,
f.h. Ríkisútvarpsins ohf.,


Páll Magnússon, framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi er einnig ályktun stjórnar RÚV dags. 1. nóvember 2010

Ályktun stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. á stjórnarfundum 1. nóvember 2010

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp til fjárlaga ríkisins fyrir árið 2011. Þar er gert ráð fyrir 4% hækkun á útvarpsgjaldi og að stór hluti þess renni beint í ríkissjóð til annarra nota en til er ætlast samkvæmt lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. Verði þetta raunin stefnir í að 4-500 m.kr. af innheimtu útvarpsgjaldi verði tekið til annarra þarfa ríkissjóðs. Þá mun vanta samtals um 700 m.kr., eða um 20%, upp á að forsendur sem lágu að baki ákvörðun um sérstakt útvarpsgjald á sínum tíma standist. Stjórnin telur þessa fyrirætlun ríkisstjórnarinnar í hæsta máta óeðlilega, auk þess sem verulegur vafi leikur á lögmæti þessarar ráðstöfunar. Útvarpsgjaldið á að standa undir kostnaði við útvarpsþjónustu í almannabágu samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið ohf. og þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

Í lögum um Ríkisútvarpið ohf. kemur fram að megingetjustofn þess skuli vera sérstakt gjald sem lagt er á skattskylda einstaklinga og lögaðila ár hvert. Upphæð gjaldsins réðst af þeirri fyrirætlun stjórnvalda að Ríkisútvarpið skyldi fá sömu tekjur af gjaldinu og afnotagjöld skiluðu að raungildi á árinu 2006.

Í greinargerð með frumvarpi laganna kemur fram að gjaldið skuli renna í ríkissjóð til að koma í veg fyrir óvissu í rekstri Ríkisútvarpsins ohf. Markmið löggjafans var að bæta fjárhag Ríkisútvarpsins og tryggja því að lágmarki framlög samsvarandi áætluðum tekjum af útvarpsgjaldi. Þannig yrði fjárhagslegur grundvöllur og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins best tryggt.

Fram hefur komið af hálfu fjármálaráðherra að hann teiji útvarpsgjaldið skattheimtu sem full heimild sé til að nota til annarra þarfa ríkissjóðs. Þessu mótmælir stjórn Ríkisútvarpsins harðlega. Útvarpsgjaldið sem ákveðið var á sínum tíma er tekjustofn sem sérstaklega var markaður Ríkisútvarpinu til að sinna þeim verkefnum sem því er ætlað með lögum og þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

Stjórn Ríkisútvarpsins áréttar að á undanförunum tveimur árum hefur árlegur rekstrarkostnaður verið skorinn niður um 900 m.kr. m.a. með launalækkunum, fækkun starfsmanna og niðurskurði í dagskrá. Stjórn Ríkisútvarpsins krefst þess að fallið verði frá fyrirætlunum um að taka hluta útvarpsgjaldsins til annarra nota en kveðið er á um í lögum um Ríkisútvarpið ohf.